

**Gróðrarstöðin Ártanga ehf.**

b.t. Gunnars Þorgeirssonar  
Ártangi  
805 SELFOSS

netfang: [artangi@artangi.is](mailto:artangi@artangi.is)

S.: 892-7309

**Umsögn vegna umsóknar um nýjan héraðsveg að Ártanga í Grímsnes- og Grafningshrepp.**

Vegagerðinni barst umsókn um nýjan héraðsveg að Ártanga í Grímsnes- og Grafningshrepp dags. 18.08.2021. Við afgreiðslu umsókna um héraðsvegi ber að líta til skilgreiningar héraðsvega skv. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 þar sem fram kemur að:

*„Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.“*

Í umsókninni kemur fram að sótt er um á grundvelli þess að uppfyllt sé skilyrði vegalaga um fasta búsetu, sbr. c. lið 2. mgr. 8. gr., sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. vegalaga nr. 80/2007. Með umsókninni fylgdu eftirfarandi gögn:

- Deiliskipulagstillaga.

Við meðferð umsóknarinnar kom í ljós að eftirfarandi fylgigögn skorti, sem Vegagerðin gerir kröfu um að lögð séu fram með umsókn um héraðsvegi:

- Vottorð Þjóðskrár um lögheimilisskráningu.
- Staðfesting sveitarfélags á fastri búsetu.
- Staðfesting þinglýsts eiganda jarðar sem vegur mun liggja um að hann sé ekki mótfallinn vegarlagningunni, auk samþykkis hans á því að leggja land undir veg.

Starfsmaður Vegagerðarinnar fór á vettvang í lok ágúst s.l. Gert er ráð fyrir að byggja nýjan veg upp með 50 sm styrktarlagi og þar ofan á verði sett 10 sm burðarlag/malarslitlag. Ganga skal frá fláum með mold eða öðru lífrænu efni. Þar sem vegur mætir Vatnsnesvegi skal setja 40 sm ræsi, 12 m langt. Breidd akreinar skal vera >4 m. Kostnaðaráætlun Vg er miðað við ofantalið 1,2 mkr.

**Niðurstaða:** Umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Ártanga í Grímsnes- og Grafningshrepp er samþykkt. En bent er á að héraðsvegur skal aldrei ná nær býli/atvinnustarfsemi eða öðrum slíkum stöðum en 50 m, sbr. c. lið 2. mgr. 8. gr. vegalaga.

Vegagerðin minnir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 í d. lið 5.3.2.5 gr. segir að við gerð deiliskipulags skal þess gætt að unnt sé að framfylgja sérstökum kröfum sem gerðar eru í öðrum lögum og reglugerðum, s.s. kröfum um öryggi, þ.m.t. hljóðvista en 100 m línar er m.a.

-----  
Síða 1/2

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

vegagerdin  
[@vegagerdin.is](mailto:@vegagerdin.is)

komin til vegna þeirra. Vegagerðin mun ekki taka þátt í kostnaði vegna hávaðavarna þar sem þessi ákvæði eru ekki virt.

Rétt er að taka fram að ákvörðun þessi er kæránleg til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagssetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Rannveig María Jóhannesdóttir  
Landfræðingur  
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt og hefur því enga undirskrift

-----  
Síða 2/2

-----  
Vegagerðin